Reykjavík 22. nóvember 2001 *Alþingi**Erindi nr. P 127/290**komudagur 29.11.2001*

Nefndasvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Vísað er til erindis samgöngunefndar Alþingis varðandi beiðni um umsögn um 139. mál; Þingsályktun um átak til að lengja ferðamannatímamann.
Erindið var tekið fyrir á fundi Ferðamálaráðs 21. nóvember sl.

Ferðamálaráð tekur undir mikilvægi þess að áfram verði unnið markvisst að því að lengja ferðamannatímamann hér á landi.

Undanfarin ár hefur megináhersla í öllu markaðs- og kynningarstarfi ráðsins verið lögð á þennan þátt.

Í stefnumótun samgönguráðuneytisins í ferðaþjónustu frá 1997 eru sett markmið hvað þetta varðar og útfærðar leiðir til að ná þessum markmiðum.

Árið 1999 var stofnað Markaðsráð ferðaþjónustunnar með aðild samgönguráðuneytis, Reykjavíkurborgar og Samtaka ferðaþjónustunnar.

Samkvæmt samningi þessara aðila var ákveðið að veita auknu fjármagni að upphæð rúmlega 400 milljónir til aukinnar markaðssetningar Íslands erlendis á árunum 1999-2002.

Þau þrjú ár sem liðin eru af samningstímanum hefur um 80% alls fjármagns ráðsins verið varið til að kynna Ísland utan háannatíma.

Verulegur árangur hefur náðst sem sést best á því að undanfarin ár hefur fjöldi þeirra erlendu gesta sem kemur utan háannatímans aukist hlutfallslega mun meira en á háannatímanum. Þannig að ljóst er að auknar aðgerðir hafa skilað árangri hvað þetta varðar.


Þá hafa á vegum samgönguráðuneytisins nýlega komið út tvær skýrslur varðandi ferðaþjónustu. Annars vegar skýrsla um heilsutengda ferðaþjónustu og hins vegar um menningartengda ferðaþjónustu.

Í báðum þessum skýrslum er lögð mikil áhersla á að nýta sérstaklega möguleika Íslands í þessum þáttum greinarinnar til að efla ferðaþjónustu utan háannatíma og kynntar leiðir til þess.

Unnið er að úrvinnslu þessara leiða og áfram verður unnið á vegum Ferðamálaráðs í samvinnu við Samtök ferðaþjónustunnar, Ferðamálsamtök Íslands, sveitarfélög og fleiri að efla ferðaþjónustu á Íslandi sem heilsársatvinnugrein.

Virðingarfyllst,

Ferðamálaráð Íslands,


Magnús Oddsson
ferðamálastjóri